

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 465/1990. Ásgeir Kristján Mikkaelsson

gegn

Óla Pétri Gunnarssyni.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að sér verði með beinni fógetagerð fengin umráð yfir dráttarvél af gerðinni STEYR 8110, árgerð 1987, skráðri með föstu númeri, ZG-049, en dráttarvélin er nú í umráðum varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ásgeir Kristján Mikkaelsson, greiði varnaraðila, Óla Pétri Gunnarssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fúgetaréttar Árnæssýslu 21. nóvember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum mál-flutningi 16. þ. m.

Sóknaraðili, Ásgeir Mikkaelsson, kt. 271261-3739, Fremri-Breiðadal, Flat-eyrarhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu, gerir þá dómkröfu, að sér verði með beinni fúgetagerð fengin umráð yfir dráttarvél af gerðinni Steyr 8110, árgerð 1987, en vélin er nú í vörslum varnaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts.

Varnaraðili, Óli Pétur Gunnarsson, kt. 250656-2389, Litlu-Sandvík, Sandvíkurhreppi, Árnæssýslu, gerir þá kröfu aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Er þess jafnframt kraf-ist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags. Nái gerðin fram að ganga, krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu skaðabóta, að eigi lægri fjárhæð en 5.000.000 kr.

II.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum svo, að í desember 1987 hafi hann keypt dráttarvél þá, sem mál þetta snýst um, af Boða hf. í Hafnarfirði. Hafi vélin verið skráð á sitt nafn 12. janúar 1988. Eftir að kaupin voru gerð og kaupverðið, 2.231.375 kr., hafði verið greitt að fullu, hafi orðið að sam- komulagi á milli sóknaraðila og Boða hf. að rifta kaupunum. Skyldi fyrir- tækið endurgreiða sóknaraðila kaupverðið að fullu, þar með talinn sölu- skatt, að fjárhæð 446.275 kr. Boði hf. hafi hins vegar orðið gjaldþrota, áður en kaupverðið var að fullu endurgreitt. Riftun hafi því aldrei náð fram að ganga. Þá hafi aldrei komið til þess, að sóknaraðili gæfi út afsal fyrir vélinni til Boða hf. eða einhvers annars aðila.

Sóknaraðili segir svo frá, að áður en samningar um riftun hófust, hafi vélin verið flutt til Reykjavíkur. Hinn 4. apríl 1988 hafi það síðan gerst, að vélin var skráð í ökutækjaskrá á nafn varnaraðila, Óla Péturs Gunnar- sonar. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að sú skráning sé marklaus. Sóknaraðili sé einn réttur og löglegur eigandi umræddrar dráttarvélar, og skráning vélarinnar á nafn varnaraðila felli ekki niður skýran eignarrétt sóknaraðila að henni. Við skráningu vélarinnar á nafn varnaraðila hafi ver- ið stuðst við yfirlýsingu, sem sóknaraðili hafi engan þátt átt í að semja, né heldur hafi hann samþykkt þá ráðstöfun, sem í henni felst. Hvergi sé getið um gerðarbeiðanda í yfirlýsingunni eða um rétt hans til vélarinnar.

Að mati sóknaraðila er það skilyrði umskráningar í framangreinda átt,

að skráður eigandi ökutækis veiti heimild til hennar. Að öðrum kosti sé skráningin lögleysa. Af þessum sökum sé sóknaraðili þess máls, sem hér er til meðferðar, ekki bundinn af þeirri skráningu, sem varnaraðili reisir á rétt sinn til vélarinnar. Vísar sóknaraðila hér um til 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga nr. 39, 1978, sbr. 7. gr. laga nr. 63, 1988.

III.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að fyrirtækið Boði hf. hafi gert pöntun á dráttarvél þeirri, sem mál þetta fjallar um, hjá norska fyrirtækinu Nor-tec a.s., og hafi Boða verið gerður reikningur vegna þess 30. júlí 1987. Dráttarvélin hafi verið send til Íslands með skipi, en frumrit farmbréfs verið sent Landsbanka Íslands. Vélin hafi síðan verið afhent Boða hf., án þess að framvísað væri greiðslustimpluðum farm- eða innflutningspappírur, enda hafi þeir verið í vörslum Landsbankans, ógreiddir. Framkvæmdastjóri Nor-tec a.s., Tore Larsen, hafi verið hér á landi um mánaðamótin mars/apríl 1988, enda hafi hann fengið rökstuddan grun um, að búið væri að afhenda vélina og reyndar aðra vél til, án þess að andvirði þeirra hefði verið greitt. Við skoðun í afgreiðsluportu skipadeildar SIS í Hafnarfirði hafi komið í ljós, að umræddar vélar voru nýkomnar í afgreiðslu flutningsaðila, eftir að hafa verið í notkun hér á landi í nærfellt hálft ár. Þetta hafi sést á mælum vélanna og útliti þeirra.

Bú Boða hf. var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota á árinu 1988. Heldur varnaraðili því fram, að hvorki framangreindar dráttarvélar né heldur aðrar vélar, sem verið hafi ógreiddar, hafi verið taldar til eigna búins, enda frumrit allra pappíra eða heimildarskjala í vörslum Landsbanka Íslands. Allar þessar vélar, þar á meðal vél sú, sem nú er krafist innsetningar í, hafi verið seldar varnaraðila af umboðsmanni löglegs eiganda þeirra, Fokus Bank í Noregi, er þá hafi átt kröfu á hendur Nor-tec a.s. vegna gjaldþrots fyrirtækisins. Allt hafi þetta verið gert með fullri vitund skiptastjóra Boða hf.

Krafa varnaraðila um synjun hinnar umbeðnu gerðar er á því reist, að réttur sóknaraðila til slíkrar gerðar sé alls ekki fyrir hendi eða í öllu falli afar óljós. Það sé frumskilyrði beinnar fíðgetagerðar, að réttur gerðarbeiðanda sé ótvíræður, glöggur og skýr, svo skýr, að jafna megi til aðfararhæfs dóms. Skráning vélarinnar á nafn sóknaraðila 12. janúar 1988 vegna mistaka eða sviksamlegs athæfis forsvarsmanna Boða hf. veiti honum engan sjálfstæðan, lögvarinn rétt til vélarinnar. Það hafi og enga þýðingu, þar sem kaupnum hafi verið rift.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar varnaraðili til 1. og 12. gr. laga nr. 19, 1887, og Norsku laga Kristjáns V. 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kap., 6. gr. Málskostnaðarkröfu sína reisir varnaraðili á 177. gr. laga nr. 85,

1936. Krafa hans um, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti, styðst við 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988. Varakrafa varnaraðila byggist síðan á 12. gr. laga nr. 18, 1949, per analogiam.

IV.

Aðila greinir á um eignarrétt að dráttarvél þeirri, sem mál þetta snýst um. Með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, og fram lagðra málsskjala verður réttur sóknaraðila til vélarinnar eigi talinn svo ótvíræður og skýlaus, að beita megi réttarfarshagræði beinnar fógetagerðar. Ber mál þetta því eigi undir fógetarétt. Af þeim sökum verður að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir að gera sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 krónur. Að kröfu varnaraðila og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988, skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Sóknaraðili, Ásgeir Mikkaelsson, greiði varnaraðila, Óla Pétri Gunnarssyni, 60.000 krónur í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.